

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 16. ágúst kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 739. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags-og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Haukur Hafliði Nínuson.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Haðaland 17-23, 19 - Breytingar - stækkun** (01.864.102) Mál nr. BN056455
Skjalnr. 10782
Yngvi Halldórsson, Haðaland 19, 108 Reykjavík
Linda Jónsdóttir, Haðaland 19, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júlí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og nýrri viðbyggingu til norðurs framan við bílgeymslu húss nr. 19 á lóð nr. 17-23 við Haðaland. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Stækkun: 74.1 ferm., 185.4 rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
- Þingvað 43, (fsp) fjarlægja** (04.791.4) Mál nr. SN190469
Skjalnr. 11332
bílskúr/bílskúrshurð og setja vegg og glugga
Guðmundur Óli Helgason, Þingvað 43, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Óla Helgasonar dags. 8. ágúst 2019 varðandi breytingu á bílskúr, þannig að bílskúr og hurð verði fjarlægð og veggur og gluggi settur í staðinn og rými nýtt fyrir annað. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
- Hjallaland 1-31 2-40, 25 - Breytingar á** (01.862.001) Mál nr. BN055746
Skjalnr. 13278
svalalokun o.fl.
Árni Hrafn Gunnarsson, Hjallaland 25, 108 Reykjavík
Fanney Rós Þorsteinsdóttir, Hjallaland 25, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að skipta út svalalokun og koma fyrir hefðbundnum gluggum, koma fyrir rennihurð út í suðurgarð og síkka kjallaraglugga á norðurhlíð um 30 cm í raðhúsi nr. 25 við Hjallaland.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi áritað á uppdrátt. Stækkun: 7,3 ferm., 24,1 rúmm. Gjald kr. 11.200Einnig lög fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Ekkí eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.

4. **Grjótháls 1-3, Viðbygging - reyndarteikning** (04.302.401) Mál nr. BN056402
Skjalnr. 6374
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álftheimum 74, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu úr stálgrind á steypum sökkli sem tengist 2. og 3. hæð ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi atvinnuhúss á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 17. júlí 2019. Stækkun: 2.090,2 ferm., 10.499,2 rúmm. Eftir stækkun, samtals: 10.243,2 ferm., 54.309,4 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Vogabyggð 5 - Skólpdælustöð, breyting á deiliskipulagi** (01.45) Mál nr. SN190476
Skjalnr. 13136
Sigríður Magnúsdóttir, Hávallahaga 21, 101 Reykjavík
Lagt fram umsókn Sigríðar Magnúsdóttur dags. 15. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar. Breytingin felst í því að stækka lóð skólpdælustöðvar um 150m² (úr 900m² í 1050m²) og minnka um leið athafnarsvæði smábáta úr 25.555m² í 25.415m² ásamt því að stækka mannvirki skólpdælustöðvarinnar að flatarmáli (úr 300m² í 500m²) og rúmmáli, hæð þess getur orðið 9 metra hátt frá jörðu. Ásamt því að skilgreina nýja kvöð utan lóðar skólpdælustöðvar um grafrarétt, landmótun og göngustíg við lóð skólpdælustöðvar samkvæmt uppdrætti jvantspijker og Teiknistofunnar Traðar dags. 15. ágúst 2019.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018*
6. **Vogabyggð svæði 1, framkvæmdaleyfi** (01.45) Mál nr. SN190474
Skjalnr. 13136
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 14. ágúst 2019 um framkvæmdaleyfi á svæði 1 í Vogabyggð sem felst í lagningu nýrra vega og enduruppbyggingu gamalla vega. Einnig lagt fram teikningasett VSÓ ráðgjafar ehf. dagsett júlí 2019.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Úlfarsfell, Útsýnispallur - fjarskiptastöð - mastur** (97.001.021) Mál nr. BN056507
Skjalnr.
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja útsýnispall, fjarskiptamiðstöð og 50m hátt mastur á toppi Úlfarsfells á lóð í Úlfarsfellslandi.
Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
8. **Súðarvogur 44-48, (fsp) - 46 - Breyta 0203 í íbúð** (01.454.405) Mál nr. BN056528
Skjalnr.
430706-0390 Mítas ehf., Súðarvogi 44-48, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Mítas ehf varðandi breytingu á eignarhluta nr 0203 í íbúð.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

9. **Hafnarstræti 1-3, (fsp) breyting á lóðarmörkum** (01.140.0) Mál nr. SN190473
Skjalnr. 8290
Guðmundur Jónsson, Rúgakur 1, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Jónssonar dags. 12. ágúst 2019 varðandi breytingu á lóðarmörkum við Hafnarstræti 1-3.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
10. **Frostaskjól 24, Færanleg kennslustofa - Vb.nr.174700** (01.512.801) Mál nr. BN056376
Skjalnr.
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt er fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 25. júní 2019 þar sem sótt er um leyfi til að bæta við færanlegri kennslustofu, K-56B, við núverandi færanleg hús fyrir frístundaheimili Grandaskóla, skráningartöflu fyrir tengigang bætt við og matshlutanúmerum breytt á lóð nr. 24 við Frostaskjól.
Erindi fylgir mæliblað 1.512.8 síðast breytt 3. júní 1987.
Gjald kr. 11.200
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
11. **Melgerði 17, Breyta efri hæð og byggja sólstofu** (01.815.312) Mál nr. BN056127
Skjalnr. 14013
Svanhvit MacKenzie Aðalsteinsd., Melgerði 17, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sólstofu við austurhlið og til að rífa kvisti og byggja nýja, koma fyrir þakgluggum, gera yfirbyggðar svalir á vesturhlið og breyta innra skipulagi efri hæðar ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum bílskúr á lóð einbýlishúss á lóð nr. 17 við Melgerði, samkvæmt uppdr. Arkiteo ehf. dags. 23. apríl 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 12. júní 2019 til og með 10. júlí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurður Guðjónsson og Edda Thors dags. 8. júlí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júlí 2019 og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun: 67 ferm., 184,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísad til skipulags- og samgönguráðs
12. **Grundarstígur 7, breyting á deiliskipulagi** (01.184.0) Mál nr. SN190048
Skjalnr. 10741
Árni Guðjónsson, Grundarstígur 7, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvægi 152, 104 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Grundarstígur 7. Tillagan var auglýst frá 28. júní til og með 9. ágúst 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Friðrik Þór Stefánsson dags. 8. ágúst 2019, G. Rósa Eyvindardóttir dags. 9. ágúst, Vigdís Pálsdóttir og Örn Úlfar Höskuldsson dags. 9. ágúst 2019, Helgi Kristinn Grímsson dags. 9. ágúst 2019.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Austurgerði 10, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.837.1) Mál nr. SN190468
Skjalnr. 13857
Friðrik Friðriksson, Kelduhvammur 6, 220 Hafnarfjörður
Lögð fram fyrirspurn Friðriks Friðrikssonar dags. 7. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi á lóðinni nr. 10 við Austurgerði. Breytingin felst í stækkun byggingareits til suðurs.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

14. **Hólmaslóð 6, breyting á deiliskipulagi** (01.111.4) Mál nr. SN190402
Skjalnr. 14125
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags 28. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar Örfirisey vegna lóðarinnar nr. 6 við Hólmaslóð. Í breytingunni felst breyting á þakflötum í þaksvalir samkvæmt deiliskipulagsuppdraetti ASK Arkitekta ehf. dags. 28. júní 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar Faxaflóahafna.
15. **Snorrabraut 54, breyting á deiliskipulagi** (01.193) Mál nr. SN190129
Skjalnr. 5450
681116-1920 Snorrabragur ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 25. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að rampur niður í bílakjallara er færður frá suðvesturhorni nýbyggingar að Bergþórugötu (norðurhlið), tengibyggingu milli nýbyggingar og Mjólkurstöðvar bætt við og 100 fermetrum bætt við nýbyggingu. Einnig er bætt við að færsla á lögnum Veitna vegna framkvæmda er á kostnað lóðarhafa ásamt ákvæði um hornsneiðingu við bílampa, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppd. Plúsarkitekta ehf. dags. 28. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 28. júní 2019 til og með 9. ágúst 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Bergþór Þórisson dags. 2. júlí 2019, Katrín Guðmundsdóttir, Sveinn Helgi Kjartansson, Kristinn Viggósson, Stefán Árni Auðólfsson, Bjartur Thorlacius, Ásta Teitsdóttir, Sigríður Björnsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Hrafnkell Sigríðarson, Ellen Harpa Kristinsdóttir, Björk Ásgrímsdóttir, Björn Hrannar Björnsson, Karin Schmitz, Andri Ívarsson, Unnur Sól Ingimarsdóttir og Ewa Koprowska ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Kirkjusandur, breyting á deiliskipulagi** (01.34) Mál nr. SN190411
Skjalnr. 8642
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júlí 2019 var lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags 4. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kirkjusandi. Breytingin felst í því að lóðamörkum er breytt lítillega til að íbúðarhús uppfylli kröfur um bílastæði innan lóðar samkvæmt uppdraetti ASK Arkitekta ehf. dags 3. júlí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísa til skipulags- og samgönguráðs

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.
17. **Langholtsvegur 29, Flóttastigi - svalahurð** (01.357.010) Mál nr. BN056512
Skjalnr. 14065
Magnús J D Bárðarson, Langholtsvegur 29, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júlí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að gera svalahurð á herbergi 2. hæðar og léttan flóttastiga á norðurhlið húss á lóð nr. 29 við Langholtsveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags.16. ágúst 2019.
18. **Bústaðavegur/Kringlumýrarbraut, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN190432
Skjalnr. 12021

680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 15. júlí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna m.a. gerðs fráreinar í akstursstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann. Einnig er lagt fram teikningarsett Hnit verkfræðistofu dags. 10. júlí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

19. **Hofteigur 42, (fsp) kvistur** (01.365.0) Mál nr. SN190414
Skjalnr. 9301
Helga Ágústsdóttir, Hofteigur 42, 105 Reykjavík
Marco Solimene, Hofteigur 42, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram fyrirspurn Helgu Ágústsdóttir og Marco Solimene dags. 1. júlí 2019 um að setja kvist bakhlíð hússins á lóðinni nr. 42 við Hofteig. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 16. ágúst 2019.
20. **Þjóðhildarstígur 2-6, nr. 2 - ósk um umsögn** (04.112.2) Mál nr. SN190435
Skjalnr. 10430
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. júlí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsagnarbeiðni Lyfjastofnunar dags. 25. júní 2019 varðandi nýtt lyfsöluleyfi að Þjóðhildarstíg 2, á lóð Þjóðhildarstíg 2-6. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
21. **Laugavegur 30 og 30B, (fsp) stækkun** (01.172.2) Mál nr. SN180883
Skjalnr. 9180
veitingastaðar
Arnar Hannes Gestsson, Laugavegur 86-94, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Arnars Hannesar Gestssonar dags. 20. desember 2018 varðandi stækkun veitingastaðarins á lóð nr. 30 við Laugaveg yfir í hús nr. 30B við Laugaveg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019 og leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 16. ágúst 2019.
22. **Laugavegur 53B, (fsp) breyting á rekstri** (01.173.0) Mál nr. SN190395
Skjalnr. 8913
Símon S Wium, Mánatún 15, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn Símonar S Wium dags. 12. júní 2019 ásamt greinargerð dags. 4. júní 2019 varðandi breytingu á rekstri verslunarrýmis að Laugavegi 53B í kaffi- og vínbar. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019.
Umsagnar skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 16. ágúst 2019.
23. **Þórsgata 13, (fsp) bílastæði** (01.181.1) Mál nr. SN190384
Skjalnr. 11489
Julian Mark Williams, Þórsgata 13, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2019 var lögð fram fyrirspurn Julian Mark Williams dags. 21. júní 2019 um að setja bílastæði á lóð nr. 13 við Þórsögötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra.

24. **Sléttuvegur 25-27 og Skógarvegur 4-10,** (01.793.1) Mál nr. SN190065
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 13894
650213-0840 Ölduvör ehf., Brúnavegi Hrafnista, 104 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er nú lagt fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 25-27 við Sléttuveg og 4-10 við Skógarveg. Tillagan var auglýst frá 28. júní 2019 til og með 9. ágúst 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

25. **Vesturgata 6-10A, breyting á deiliskipulagi** (01.132.1) Mál nr. SN190333
Skjalnr. 7977
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
630785-0309 Kirkjuhvoll sf, Pósthólf 1100, 121 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júní 2019 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 27. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 6-10A við Vesturgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir svölum á austurenda vesturgötu 6-8 og endurbyggja svalir með tröppum á Vesturgötu 10 sem teknar voru niður 2006 vegna framkvæmda. Heimilt er að gera ráð fyrir tveimur bílastæðum við austurenda Vesturgötu 6 og einu bílastæði við norðurenda Vesturgötu 10A, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 9. maí 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 4. desember 2017. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.

26. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A, breyting á deiliskipulagi** (01.174.1) Mál nr. SN180830
Skjalnr. 5238
411112-0200 Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 5. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að ekki er lengur heimilt að rífa húsin að Hverfisgötu 98A og 100, en heimilt verður að hækka þau um eina hæð og ris. Í hvoru húsi má gera ráð fyrir einni íbúð á hverri hæð, allt að 4 íbúðum í hvoru húsi. Kvöð verður um aðkomu gangandi um undirgöng á Hverfisgötu 98A að baklóð. Heimilt verður að rífa núverandi hús að Hverfisgötu 100A og byggja í staðinn nýtt hús á lóðinni, kjallara, 3 hæðir og ris, með allt að 6 íbúðum af mismunandi stærðum. Heimilt verður að byggja svalir til suðurs allt að 1,6 m að dýpt. Á jarðhæðum má gera ráð fyrir íbúðum og því er ekki lengur skilyrði að vera þar með verslunar- eða þjónustustarfsemi, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 12. mars 2019. Einnig er lagt fram tillöguhefti ódags. Tillagan var auglýst frá 5. apríl 2019 til og með 21. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5, sbr. 12. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Greiðsla skal berast áður en deiliskipulagstillagan verður birt í B- deild Stjórnartíðinda.

27. **Grjótháls 1-3, breyting á deiliskipulagi** (04.302.4) Mál nr. SN190472
Skjalnr. 6374

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 9. ágúst 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsahverfi vegna lóðarinnar nr. 1-3 við Grjótháls. Breytingin felst í skilmálabreytingu sem hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar ofanjarðar í 0,75.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

28. **Frostaskjól 24, breyting á deiliskipulagi** (01.512.8) Mál nr. SN190409
Skjalnr. 10860

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er nú lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg dags 3. júlí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Eiðsgrandi, stofnanasvæði vegna lóðarinnar nr. 24 við Frostaskjól. Breytingin felst í því að afmarkaður er byggingarreitur fyrir núverandi hús og eina færanlega stofu til viðbótar ásamt tengigangi. Erindið var grenndarkynnt frá 15. júlí 2019 til og með 12. ágúst 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

29. **Kjalarnes, Brautarholt 11, breyting á skilmálum deiliskipulags** Mál nr. SN190257
Skjalnr. 10166

Herdís Þórðardóttir, Brautarholt 11, 162

Að lokinni grenndarkynningu er nú lögð fram að nýju umsókn Herdísar Þórðardóttur dags. 16. apríl 2019 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Brautarholts, Kjalarnesi - norðurhluti, vegna lóðarinnar nr. 11 við Brautarholt á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að heimilt er að vera með sambyggða aukaíbúð við íbúðarhúsið á lóðinni, sem ætluð er til útleigu, í stað sambyggðrar tvöfaldrar bílgeymslu, samkvæmt tillögu Einars Ingimarssonar arkitekts dags. 14. apríl 2019. Engar athugasemdir bárust. Einnig lagður fram tölvupóstur Bjarna Pálssonar dags. 7. ágúst 2019.

Leiðrétt bókun frá 9. ágúst 2019.

Rétt bókun er:

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

30. **Krókháls 13A, breyting á deiliskipulagi** (04.140.6) Mál nr. SN190293
Skjalnr. 14127

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 14. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals

vegna lóðarinnar nr. 13A við Krókháls. Í breytingunni felst færsla á lóð fyrir dreifistöð til suðurs, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 2. maí 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 26. júní 2019 til og með 24. júlí 2019. Engar athugasemdir bárust. *Leiðrétt bókun frá 9. ágúst 2019.*

Rétt bókun er:

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:10.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Haukur Hafliði Nínuson.